Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030

Leikskólinn Bjartahlíð

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

1. Efnisyfirlit

1. Efnisyfirlit 2
2. Greinargerð leikskólastjóra 2
3. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026 5
4. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027 11
5. Starfsþróunarsamtöl 13
6. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans. 13
7. Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva, stutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans. 14
8. Foreldrasamstarf 15
9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal 15
10. Sérkennslustjóri 16
11. Verkefnastjórar 17
11.1 Verkefnastjóri Tónlistar 17
11.2 Verkefnastjóri fjölmenningar 18
12. Þróunarverkefni 18
13. Fylgiskjöl 19
13.1 Innra mat 19
13.2 Umbótaáætlun yngri og eldri deilda 2026-2027 26
13.3 Umsögn foreldraráðs 29

2. Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið hefur verið viðburðaríkt og krefjandi en jafnframt lærdómsríkt og árangursríkt fyrir Björtuhlíð. Starfið hófst við óvenjulegar aðstæður þar sem framkvæmdum á húsnæði leikskólans var ekki lokið þegar starfsfólk sneri til starfa eftir sumarleyfi. Af þeim sökum þurfti að flytja starfsemi Grænuhlíðar tímabundið í Safamýri þar sem hún var starfrækt fram í lok október.

Þessar aðstæður höfðu áhrif á upphaf skólaársins, meðal annars á aðlögun nýrra barna sem hófst síðar en áætlað hafði verið. Aðlögunarferlið teygðist því lengra fram á veturinn en venja er og má segja að því hafi ekki verið að fullu lokið fyrr en undir lok ársins. Í kjölfarið gafst svigrúm til að hefja markvissari uppbyggingu faglegs starfs og innleiðingu þeirra verkefna sem stefnt hafði verið að.

Eftir flutning aftur í Grænuhlíð tók við umfangsmikil vinna við að koma starfseminni fyrir og skapa aðlaðandi og örvandi námsumhverfi fyrir börn og starfsfólk. Samhliða þeirri vinnu var nýtt færanlegt hús sett upp á lóð leikskólans sem hýsir nú kaffistofu starfsmanna og skrifstofuaðstöðu. Sú breyting hefur haft veruleg jákvæð áhrif á vinnuaðstöðu starfsfólks, enda hafði rýmið verið afar takmarkað eftir að loka þurfti kjallara húsnæðisins vegna rakavandamála. Stór hluti vetrarins fór því í að bæta bæði náms- og starfsumhverfi innan leikskólans með það að markmiði að skapa betri aðstæður fyrir alla sem þar starfa og dvelja.

Eitt af meginmarkmiðum skólaársins var að efla og endurvekja starf í anda Reggio Emilia, sem um árabil hefur verið leiðarljós í starfi leikskólans. Starfsmannahópurinn tók sameiginlega ákvörðun um að gera hugmyndafræðina sýnilegri í daglegu starfi og styrkja faglega umræðu um gildi hennar og aðferðir.

Til stuðnings þeirri vinnu var hafið samstarf við tvo leikskóla á höfuðborgarsvæðinu sem vinna markvisst út frá sömu hugmyndafræði. Samstarfið fólst meðal annars í reglulegum fundum, markmiðasetningu og heimsóknum á milli leikskóla. Þessi samvinna veitti starfsfólki mikinn innblástur og skapaði verðmæt tækifæri til faglegs lærdóms og ígrundunar.

Í framhaldi af þeirri vinnu voru stofnuð lærdómssamfélög innan leikskólans þar sem starfsfólki var skipt í minni hópa með ákveðin áherslusvið. Hóparnir unnu meðal annars með útikennslu, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, Reggio-umhverfið, skráningar og tónlist og málörvun. Þrátt fyrir að fundir hafi ekki alltaf verið eins reglulegir og stefnt var að sýndi verkefnið skýrt fram á mikilvægi samræðu og samvinnu um faglegt starf. Fyrir næsta skólaár er stefnt að því að festa fundartíma lærdómssamfélaganna betur í skipulagi starfsins til að styrkja vinnuna enn frekar.

Á skólaárinu var sérstök áhersla lögð á að efla tónlistarkennslu í leikskólanum. Ráðinn var verkefnastjóri tónlistar sem fékk það hlutverk að leiða þróun verkefnisins og styðja við starfsfólk í að nýta tónlist sem kennslufræðilegt verkfæri.

Upphaflega var markmiðið að nýta tónlist til að efla málþroska, orðaforða og tjáningu barna. Þegar litið er yfir veturinn má þó segja að verkefnið hafi farið langt fram úr væntingum. Tónlist varð sýnilegur og virkur þáttur í daglegu starfi leikskólans og hafði jákvæð áhrif á þátttöku, samskipti og

gleði barnanna. Fagmennska, eldmóður og metnaður þeirra sem komu að verkefninu skilaði sér í öflugu starfi sem hefur lagt grunn að áframhaldandi þróun á þessu sviði.

Á árinu var einnig hrundið af stað tilraunaverkefni á sviði málörvunar og fjöltyngis. Verkefnastjóri fjölmenningar var ráðinn til að sinna móttöku barna af erlendum uppruna, styðja við fjölskyldur þeirra og veita börnum aukinn stuðning í málþroska.

Reynslan af verkefninu var mismunandi eftir deildum og kom í ljós að þarfir og aðstæður eru ólíkar innan leikskólans. Í kjölfar mats á verkefninu hafa deildarstjórar óskað eftir aukinni ábyrgð á þessum málaflokki á sínum deildum. Stefnt er að því að byggja áfram á þeirri reynslu sem hefur skapast og þróa verklag sem styður sem best við fjölbreyttan barnahóp leikskólans.

Björtuhlíð fékk á árinu tækifæri til að taka þátt í innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Starfsmenn sáu fljótt að markmið sáttmálans falla vel að þeirri sýn sem unnið er eftir í anda Reggio Emilia, þar sem áhersla er lögð á virka þátttöku barna, lýðræði, réttindi og virðingu fyrir sjónarmiðum þeirra.

Innleiðingin er enn á byrjunarstigi en hefur þegar vakið mikilvægar umræður innan starfsfólkshópsins. Fyrir næsta skólaár er stefnt að því að skipa ábyrgðaraðila yfir verkefninu og tryggja þátttöku starfsfólks í námskeiðum á vegum UNICEF til að styrkja þekkingu og undirbúa áframhaldandi innleiðingu.

Veturinn reyndi á starfsfólk með margvíslegum hætti. Auk þeirra breytinga og framkvæmda sem einkenndu upphaf skólaársins komu upp tímabil þar sem inflúensa og önnur veikindi höfðu veruleg áhrif á starfsemina. Í nokkur skipti þurfti að grípa til þess úrræðis að stytta vistun eða senda börn heim til að tryggja öryggi barna og starfsfólks þegar mannafli var orðinn of knappur.

Slíkar ákvarðanir eru ávallt teknar af mikilli ábyrgð og aðeins þegar öll önnur úrræði hafa verið fullreynd. Starfsfólk sýndi ítrekað mikla samstöðu og sveigjanleika með því að færa til vinnufyrirkomulag sitt og leggja sitt af mörkum til að halda starfseminni gangandi við krefjandi aðstæður.

Það sem stendur þó upp úr þegar litið er yfir skólaárið er sá sterki starfsandi sem ríkt hefur innan leikskólans. Þrátt fyrir umfangsmiklar breytingar, framkvæmdir og áskoranir hefur starfsfólk sýnt mikla fagmennsku, jákvæðni og samheldni. Vilji til samstarfs, lausnamiðuð hugsun og sameiginleg sýn á velferð barna hafa verið lykilþættir í að takast á við verkefni vetrarins

Björtuhlíð fer inn í nýtt skólaár með sterkan grunn til áframhaldandi þróunar. Á árinu hefur verið lagður mikill metnaður í að efla faglegt starf, styrkja námsumhverfi barna og skapa betri aðstæður fyrir starfsfólk. Þrátt fyrir áskoranir hefur leikskólasamfélagið sýnt að með öflugri samvinnu, faglegri sýn og jákvæðu viðhorfi er hægt að ná árangri og byggja upp öflugt skólastarf.

Við horfum því björtum augum til framtíðar og hlökkum til að halda áfram þeirri þróunarvinnu sem hafin er með því framúrskarandi starfsfólki sem starfar við leikskólann.





3. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat (töfluna má fjölfalda fyrir hvern matsþátt)

Hvað var metið? **Innleiðing Reggio Emilia**	
Hvernig fór matið fram?	Á stjórnendafundi
Hverjir tóku þátt í matinu? **(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)**	Deildarstjórar, verkefnastjórar, sérkennslustjóri, aðstoðarleikskólastjórar og leikskólastjóri
Helstu niðurstöður mats **(styrkleikar og tækifæri til umbóta)**	Það setti strik í reikningin hvað við byrjuðum vetrarstarfið seint vegna seinkunar á viðgerðum á húsinu í Grænuhlíð og flutninga úr Safamýri. Grænahlíð: vorum mest að einblína á umhverfið sem þriðja kennarann Stakkahlíð: unnið með að hafa fjölbreyttan efniðvið í boði, bæði inni og úti

	Hvað gerðum við vel: Flottar stöðvavinnur, sérstaklega á vorönn, ýmis skemmtileg verkefni í anda Reggio. Deildirnar hafa breyst, eru meira aðlaðandi og eru meira í anda hugmyndafræðinnar. ***Hvað getum við bætt:*** Þurfum að eiga meiri náttúrulegan efnivið Halda áfram að skipta plasti út fyrir bastkörfur og hirslum úr náttúrulegum efnum. Bæta okkur í skráningum: vera með skráningarbók sem er alltaf geymd á sama staðnum fólk nýti undirbúning í að gera skráningar leikjaskráningar, t.d. á hverju hausti: metur félagsfærni, samskiptafærni og fl. hjá börnum.

Hvað var metið? **Umhverfið sem þriðji kennarinn**	
Hvernig fór matið fram?	Á stjórnendafundi
Hverjir tóku þátt í matinu? **(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)**	Deildarstjórar, verkefnastjórar, sérkennslustjóri, aðstoðarleikskólastjórar og leikskólastjóri
Helstu niðurstöður mats **(styrkleikar og tækifæri til umbóta)**	Ekki allt starfsfólk sem skilur hvað þetta felur í sér, það þarf að dýpka þekkinguna betur innanhúss. Best væri að gera það í litlum hópum, t.d. hver deild tekur þetta fyrir á deildarfundum og skapa umræður frekar en vera með fyrirlestur/kynningu. Annars hefur gengið vel hjá deildarstjórum að huga að umhverfinu í tengingu við þema deildarinnar hverju sinni.

Hvað var metið? **Samstarf við samstarfsleikskóla**	
Hvernig fór matið fram?	Á stjórnendafundi
Hverjir tóku þátt í matinu? **(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)**	Deildarstjórar, verkefnastjórar, sérkennslustjóri, aðstoðarleikskólastjórar og leikskólastjóri
Helstu niðurstöður mats **(styrkleikar og tækifæri til umbóta)**	Samstarfið byrjaði mjög vel. Við settum okkur markmið með starfi vetrarins sem var Umhverfið. Við héldum reglulega fundi þar sem við ræddum og fræddum hvert annað. Við héldum sameiginlegan kvöldfund þar sem allir fengu fræðslu um grunn hugmyndafræði Reggio Emilia sem Kristín Hildur hélt utan um. Starfsfólk var mjög ánægt með þá fræðslu og fannst það gagnast vel. Um áramót kom svo breyting í hópinn, þar sem Langholt ákvað að draga sig úr samstarfinu. En við í samstarfi við Vinagerði og Sunnuás ákváðum að halda okkar striki. Í vor fengum við svo þær upplýsingar að það væri verið að loka Vinagerði og því verður hann ekki með okkur í þessu samstarfi næsta vetur. Á móti þá hafa Árborg, Austurborg og Jöklaborg bæst í hópinn fyrir næsta vetur. Ákveðið hefur verið að halda áfram með Umhverfið sem yfir hugtak verkefnisins.

Hvað var metið? **Innleiðing Barnasáttmálans**	
Hvernig fór matið fram?	Á stjórnendafundi
Hverjir tóku þátt í matinu? **(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)**	Deildarstjórar, verkefnastjórar, sérkennslustjóri, aðstoðarleikskólastjórar og leikskólastjóri

Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Margir sameiginlegir punktar í Reggio og Barnasáttmálanum. Hægt að hafa plaggöt inn á deildum og/eða fataklefum, minna okkur á. Bæta inn í dagatak mannréttindarviku þar sem verður unnið markvisst með sáttmálann. Lærdómssamfélagsfundirnir urðu oft of langir Lausn: Festa dag og hafa bara hálftíma Passa að tveir í hópnum séu með þekkingu: raða fyrst fagfólki í hópana til að passa að það sé einhver sem getur stýrt umræðunni. Hafa amk. tvö frá Stakkahlíð í hverjum hóp. Í haust verður lögð einstaklingskönnun fyrir starfsfólk og taka stjórnendur stöðumat út frá því. Í kjölfarið verður gerð aðgerðaráætlun út frá þeim niðurstöðum.

Hvað var metið? **Lærdómssamfélag**	
Hvernig fór matið fram?	Á stjórnendafundi
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Deildarstjórar, verkefnastjórar, sérkennslustjóri, aðstoðarleikskólastjórar og leikskólastjóri

Helstu niðurstöður mats **(styrkleikar og tækifæri til umbóta)**	Í haust var ákveðið að prófa að halda reglulega Lærdómssamfélagsfundi þar sem einn starfsmaður af hverri deild (einn í hvert lærdómssamfélag úr Stakkahlíð) myndi mæta og ræða hvernig gengur með þá hluti sem við segjumst vera að vinna eftir. En þessi hópar voru Reggio (Umhverfið), Skráningar, Útikennsla, Málörvun og tónlist og Barnasáttmálinn. Starfsfólki fannst eflandi að fá að vera í litlum hópum og fá að vera partur af innleiðingu verkefnisins inn á deildina sína. Ákveðið var að fundirnir yrðu á mánaðar fresti, sem var ekki alveg að virka þar sem oft var að koma upp verkefni eða ferðir sem trufluðu þessa tíma. Sem umbótaráætlun hefur verið ákveðið að festa einn dag í viku þar sem er lærdómssamfélagsfundir og rúlla þá í fimm vikur. Þá geta deildarstjórar undirbúið starfið út frá þeirri vitneskju. Einnig kom fram að þessir fundir væru í lengri kantinum, en þeir voru um klukkutími. Næsta vetur verða þeir 30 mín. Lausn: Festa dag og hafa bara hálftíma Einnig þarf að passa að fleiri í hópnum hafi áhuga á efninu, raða fyrst fagfólki í hópana til að passa að það sé einhver sem getur stýrt umræðunni. Að fleira starfsfólk frá Stakkahlíð fái að vera þátttakendur í þessum fundum.

Hvað var metið? **Tónlistarkennsla**	
Hvernig fór matið fram?	Á stjórnendafundi
Hverjir tóku þátt í matinu? **(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)**	Deildarstjórar, verkefnastjórar, sérkennslustjóri, aðstoðarleikskólastjórar og leikskólastjóri
Helstu niðurstöður mats **(styrkleikar og tækifæri til umbóta)**	Í haust var ráðinn inn verkefnastjóri Tónlistar. Var verkefnið hugsað þannig að þessi einstaklingur myndi halda utan um tónlistarkennslu á öllum deildum, halda utan um Gaman Saman á föstudögum, halda utan um Barnamenningarhátíðar verkefnið með elsta árgangi, útskrift elstu barna og útbúa tónlistar skyggnur fyrir starfsfólk. Tónlistarkennari hefur í vetur unnið á öllum deildum þar sem allar deildir í Grænuhlíð eiga hann einn dag í viku en Stakkahlíðin hefur fengið hann í styttri stundir 1-2 í viku, þar sem þau eru að læra að vera þátttakendur í svona stundum. Þetta verkefni hefur farið framar öllum vonum og hafa deildarstjórar allir verið mjög ánægðir með þessa viðbót inn í leikskóla umhverfið. Börnin eru að læra erfiðari texta, þau eru að læra lög út frá þemum sem er verið að vinna með hverju sinni og út frá árstíðum. Einnig hafa foreldrar nefnt það í foreldraviðtölum hve frábært það er að hafa verkefnastjóra yfir tónlistinni og að þau sjái mjög mikinn mun á áhuga barna sinna á tónlist og að þau séu farin að syngja mun erfiðari lög. Einnig hefur verkefnastjóri búið til QR kóða sem er inni í fataherbergjum allra deilda þar sem foreldrar geta fylgst með þeim lögum sem verið er að vinna með hverju sinni.

Ytra mat

Hvað var metið? **Starfsmannakönnun**	
Hvernig fór matið fram?	Á netinu (Stofnun ársins)
Hverjir tóku þátt í matinu? **(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)**	Um 80% starfsfólks
Helstu niðurstöður mats **(styrkleikar og tækifæri til umbóta)**	Helstu niðurstöður komu nokkuð vel út en þó kemur fram í könnuninni að við þurfum að vera duglegri að hrósa hvoru öðru. Einnig kemur fram að næsti yfirmaður þurfi að vera duglegri að sýna stuðning og hvatningu í starfi. Einnig kemur fram að kaffiaðstaða og undirbúnings aðstaða mætti laga og er það búið að vera í býgerð í vetur með nýrri færanlegri kennara aðstöðu, sem verður tekin í gagnið nú á vor dögum. Út frá niðurstöðum þá var ákveðið að nýta starfsdag í að vinna með þessa þætti. Við fórum yfir samskiptasáttmála leikskólans, unnum með virðingu og samskipti. Einnig fengum við hana Önnu Steinssen frá Kvan með erindi um samskipti á léttari nótum sem sló í gegn meðal starfsfólks. Síðastliðin tvö ár hefur verið mikil breyting í stjórnendateymi leikskólans og því ekki óeðlilegt að fólk bregðist við því. Því höfum við nýtt veturinn í að þétta raðirnar í stjórnendateyminu og efla okkur sem faglegt teymi. Við munum halda áfram þeirri vegferð sem við erum á nú þegar og vinna enn frekar með samskipti og leiðsögn. Ákveðið hefur verið að bæta vinnufyrirkomulag í móttöku nýrra starfsmanna og alla starfsmanna aðstöðu er verið að laga.

Það var engin foreldrakönnun þennan veturinn og því verður ekkert mat á starfi leikskólans í ár frá foreldrum.

4. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Þeir þættir sem eru metnir yfir **allan leikskólann í heild sinni.** Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

Umbætur skulu taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Ákveðið hefur verið að halda áfram þeirri vegferð sem við erum á nú þegar, með að dusta rykið af Reggio hugmyndafræðinni. Við viljum að starfsfólk sé vel upplýst um þá vegferð sem við erum á og hvaða markmið við erum með í starfi okkar.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Það kom fram í samtali á deildarfundum að fólk þurfi að fá frekari upplýsingar um hugmyndafræði Reggio og hvað það þýðir að umhverfið sé 3 kennarinn. Í vetur voru haldnir stórir upplýsinga fundir og Youtube video en deildarstjórar halda að þessar upplýsingar þurfi að vera í minni hópum með umræðum og speglun, þar sem enn séu starfsmenn sem séu óöruggir með hugmyndafræðina.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Ákveðið hefur verið að taka betur á móti nýliðum í starfi með upplýsinga pakka um hugmyndafræði Reggio. Að halda betur utan um Lærdómssamfélagsfundina og passa að þeir falli ekki niður. Einnig að taka part af deildarfundum öðru hverju yfir veturinn og ræða umhverfið sem 3 kennarann og hvað það þýðir sem og hvort deildin sé að vinna eftir hugmyndafræðum Reggio og hvernig. Einnig munum við leggja áherslu á áframhaldandi innleiðingarferli á Barnasáttmála sameinuðuþjóðanna.

	Við ætlum að vera betri og í markvissari upplýsingagjöf til nýrra foreldra, með því að halda fundi á meðan aðlögun stendur yfir.
Ábyrgð	Stjórnendateymi Björtuhlíðar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Þessi áætlun byrjar eftir að aðlaganir klárast í haust og mun standa fram að sumarfríi 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Aðgerðirnar verða metnar að vori með stjórnendateyminu og á deildarfundum. Spurningalisti til nýrra foreldra eftir aðlögun.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að allt starfsfólk sé öruggt í því að vinna eftir hugmyndafræðum Reggio Emilia og Barnasáttmálann. Að það sé sýnilegt í leikskólanum að við séum samheldin í starfsháttum, þannig að starfsfólk verði öruggara í starfi. Að nýtt starfsfólk og foreldrar séu öruggir og vel upplýstir frá byrjun.

5. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fóru fram á vormánuðum. Leikskólastjóri, aðst. leikskólastjórar og sérkennslustjóri sáu um að taka samtalið við starfsfólkið. Niðurstöður samtala nýttust við að skipuleggja komandi vetur út frá styrkleikum og óskum starfsfólks.

6. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Fræðsla sem leikskólinn hefur boðið starfsfólki upp á í vetur var fjölbreytt, en þar má nefna að allt starfsfólk hefur nú tekið skyndihjálparnámskeið Rauða krossins. Haldin var fræðsla um Torgið á skipulagsdegi. Starfsfólk tók BOFS-námskeið á Torginu um kynferðisofbeldi gegn börnum. Nýtt starfsfólk fór á nýliðanámskeið Vesturmiðstöðvar í Borgartúni. Fræðslufundur um Reggio með samstarfsskólum okkar í þróunarverkefninu var haldinn í Herkastalanum. Sex starfsmenn leikskólans af erlendum uppruna fengu íslenskukennslu í skólanum á vinnutíma. Hulda Sólveig var með fræðslu um Bradford-kvarðann og viðverustefnu Reykjavíkur á skipulagsdegi. Anna Steinsen frá Kvan var einnig með fræðslu á skipulagsdegi með fyrirlestri um samskipti og kynslóðabilið. Netnámskeið um

innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna var fyrir allt starfsfólk. Stjórnendur tóku m.a. námskeið í viðverustjórnun. Starfsfólk skólans stefnir á námsferð vorið 2027. Skipulagning hefst á haustmánuðum. Áhugi er á ferð til Reggio Emilia á Ítalíu. Nýliðum verður gert kleift að mæta á nýliðanámskeið á vegum Vesturmiðstöðvar og að taka nýliðanámskeið á Torginu. Yfir veturinn verða reglulega haldnir fyrirlestrar og styttri námskeið á skipulagsdögum. Námskeið og fyrirlestrar sem tengjast Reggio-samstarfi og innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna verða í forgrunni. Gott samtal er milli starfsfólks og stjórnenda um hvaða námskeið henta hverju sinni. Haldið verður áfram með íslenskunámskeið fyrir starfsfólk af erlendum uppruna. Deildastjórar hvetja starfsfólk sitt til að taka námskeið á Torginu sem nýtast í starfinu.





7. Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva, stutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.

Markmið með samstarfi	Skipulag samstarfs
Samvinna leikskóla og grunnskóla snýst fyrst og fremst um að tryggja **samfellu í námi**, **gæða aðlögun barna**, **miðlun þekkingar** og upplýsinga	Samstarf leikskólans, fyrsta bekkjar Hlíðaskóla og frístundaheimilis Hlíðaskóla hefur verið eins og hér segir:

og **velferð barnanna** í skiptum milli skólastiga. Löggjöfin á Íslandi kveður skýrt á um þessa skyldu sveitarfélaga og þann ávinning sem hlýst af vel skipulögðu samstarfi.	• Elsti árgangur barna í Björtuhlíð heimsækir Hlíðaskóla og tekur þátt í kennslustund og nestistíma í 1. bekk. • Börn í elsta árgangi í Björtuhlíð fá skoðunarferð um Hlíðaskóla. • Elstu börnum í Björtuhlíð er boðið á leikssýningu í Hlíðaskóla. • Elstu börnin heimsækja frístundamiðstöð Hlíðaskóla tvisvar á vormánuðum.

Síðustu tvo vetur höfum við verið með nemanda úr Hlíðaskóla sem kom til okkar einu sinni í viku í starfsnám. Einnig unnum við með námsráðgjafa Hlíðaskóla að því að leikskólinn yrði hluti af vali 10. bekkjar skólans og komu nemendur til okkar í vetur einn eftirmiðdag í viku. Til okkar munu því koma sex nemendur fyrir áramót og sex eftir áramót og fá þeir að kynnast starfinu í leikskólanum. Þetta samstarf við Hlíðaskóla hefur gengið eins og í sögu og því höfum við ákveðið að halda því áfram næsta vetur.

8. Foreldrasamstarf

Á hverju hausti er haldin foreldrafundur í leikskólanum. Á fundinum er kosið í foreldraráð og í stjórn foreldrafélagsins. Samráð er við foreldraráð um sumarlokun leikskólans og ef upp koma stærri mál sem varða leikskólastarfið. Foreldrafélagið sér m.a. um að halda úti samskiptasíðu foreldra, innheimta félagsgjöld og skipuleggja sumarhátíð. Það voru ekki margir foreldrar sem gáfu kost á sér í stjórn foreldrafélagsins í haust og því lá vinnan á höndum fárra einstaklinga sem unnu vinnuna vel.

Foreldrasamstarf gekk vel á árinu. Foreldrum var boðið upp á foreldraviðtal tvisvar í vetur, eitt í haust og eitt á vordögum. Foreldrar yngri barna sem innrituð voru um vorið og byrjuðu um haustið fengu boð í viðtal áður en barnið byrjaði í leikskólanum. Deildastjórar eru svo ávallt tilbúnir að setjast niður með foreldrum til að ræða nám og þroska barnanna. Deildastjórar eru í góðri samvinnu við foreldra og veita upplýsingar um starfið í vikulegum póstum.

9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Hér eiga að koma upplýsingar um skipulagsdaga. Hægt er að setja þá beint inn í leikskóladagatal eða viðburðadagatal og láta það fylgja með og hafa í huga að það komi skýrt fram hvaða skipulagsdagar eru á sama tíma og í grunnskólanum.

Starfsdagar skólaárið 2026-2027 eru:

- 24.ágúst 2026
- 30.september 2026 (sameiginlegur með grunnskóla)
- 5. febrúar 2027 (sameiginlegur með grunnskóla)
- 27.apríl 2027
- 14. Maí 2027 (námsferð starfsfólks)
- 18. Maí 2027 (námsferð starfsfólks)



Dagatal verður aðgengilegt á [Bjartahlíð | Reykjavik]





10. Sérkennslustjóri

Sérkennsla

Sérkennslan í vetur hefur gengið mjög vel. Starfsfólk í stuðningsteyminu hefur verið samheldið og vel hefur verið haldið utan um þau börn sem njóta sértæks stuðnings. Góð samskipti hafa verið við foreldra barna sem hafa notið sértæksstuðnings sem gerir það að verkum að framfarir barnanna hafa farið fram úr öllum væntingum. Gott samstarf hefur einnig verið á milli sérkennsluteymisins og ráðgjafateymi borgarinnar, það skiptir höfuð máli að fagfólk nái að ræða mál og finna bestu lausnina fyrir hvert barn fyrir sig.

Börn sem hljóta stuðning eru með einstaklingsnámskrá sem unnin er út frá A.E.P.S, atferlislista frá RGR og skýrslum fagfólks þegar við á. Námskrár eru endurskoðaðar á 6-8 vikna fresti. Menntun án aðgreiningar er ávallt höfð að leiðarljósi og lögð er áhersla á að öll börn njóti sömu réttinda og taki virkan þátt í leikskólastarfinu. Námsumhverfið er aðlagað að hverju barni eftir því sem kostur er. Sum börn fara í einstaklingsþjálfun 1–2 sinnum á dag þegar þörf er á, þar er notast við skráningarblöð frá RGR.

HLJÓM er tekið á öllum elstu börnum, EFI-2 á öllum börnum á fjórða aldursári, auk þess er notast við orðaskil og íslenska þroskalistann/smábarnalistann þegar það á við.

Það hefur gengið vel þetta skólaárið og allt starfsfólk sinnir öllum börnum til jafns óháð því hvort þau séu með stuðning eður ei.

11. Verkefnastjórar

11.1 Verkefnastjóri Tónlistar

Tónlistarkennslan byggðist á leikrænni, sjónrænni og hljóðrænni nálgun þar sem börnin kynntust grunnþáttum tónlistar stig af stigi yfir skólaárið.

Börnin lærðu tónstiga með persónugerðum dýrum sem tengdust tónunum do, re, mí o.s.frv. Þau spiluðu fyrst tónana á tónplötum en æfðu síðan söng, tónstökk og einfalda hljóma. Vinnan efldi tóneyra þeirra og skilning á tónhæð.

Tónlistin var einnig nýtt til málörvunar með því að ýkja og teygja hljóð í tónunum. Sú nálgun styrkti hljóðvitund, framburð og tengingu barna við hljóð tungumálsins.

Unnið var markvisst með takt í gegnum klapp, hreyfingu og hljóðmynstur áður en einfaldar nótur voru kynntar. Þannig lærðu börnin takt fyrst eftir eyra og tengdu hann síðan við nótnaskrift.

Myndir voru notaðar til að styðja við söng og textanám og börnin lærðu reglulega ný lög sem tengdust árstíðum og þemum skólaársins. Einnig fengu þau að kynnast fjölbreyttum hljóðfærum, meðal annars í gegnum *Karnival dýranna*, þar sem hlustun, ímyndunarafl og þekking á hljóðfærum voru efld.

Í anda Reggio Emilia höfðu börnin sjálfstætt aðgengi að lögum, myndum og sögum í iPad-appi sem jók áhuga þeirra og sjálfstæði í námi.

Kennslan skilaði góðum árangri. Börnin þróuðu tóneyra, taktskyn, hljóðvitund og aukinn áhuga á tónlist og hljóðfærum.

Framfaratækifæri felast meðal annars í að móta heildstætt ársplan með skýrari markmiðum og enn markvissari stigskiptingu námsins. Einnig væri æskilegt að bæta hljóðfærakost leikskólans til að auka fjölbreytni í kennslu, skapa fleiri tækifæri til hljóðfæraleiks og styðja enn betur við tónlistarupplifun og sköpun barnanna.

11.2 Verkefnastjóri fjölmenningar

Hlutverk Verkefnastjóra er að sækja fagfundi. koma þeirri þekkingu áfram til samstarfsfélaga. Halda utan um fjöltyngd börn og foreldra þeirra. Sjá til að starfsfólk hafi aðgang að nytsamlegu efni sem nýttist þeim t.d: móttökuplan, myndræna bók, túlka- eða brúarsmiðaþjónustu, efni til málörvunar, spurningarlista heim fyrir fyrsta foreldrasamtal o.s.frv. Einnig er verkefnastjóri fjölmenningar í samstarfi við sérkennsluteymið og tekur þau börn sem þurfa málörvun í æfingar reglulega.

Markmið
Styðja við fjöltyngd börn í málörvun. Börn fara af deild í hóp. Unnið inn í matsal eða sérkennsluherbergi.

Væri gott að koma af stað á næsta sólaár betri þekkingaröflun um málefnið og koma henni til samstarfsfélaga.

Hvað gekk vel
Börn eru jákvæð og finnst gaman að koma í málörvun. Sýna mikil framför.
Fagfundir hafa gefið mikla þekkingu sem hefur nýst vel í starfinu.
Áframhaldandi þróun efna inn á deildir til að efla tvítygnd börn og íslensk börn í íslensku.
Væri gott ef móttökuplan fyrir tvítyngd börn og foreldra þeirra yrði samræmt betur á milli deilda. Að visst verkferli sé sett og unnið svipað.

Umbætur

Auka fræðslu til starfsfólks, hugsanlega væri hægt að nýta starfsdaga og fá fyrirlesara. T.d um málstefnu innan leikskólans, mikilvægi mismunandi lestraraðferða, samstarf leikskóla og foreldra af erlendum uppruna eða um málþroskaröskunina DLD hjá íslenskum og tvítyngdum börnum - hvernig hægt er að sjá vísbendingar og bregðast við.

Samræma móttöku-verklag milli deilda.

12. Þróunarverkefni

Reggio samstarf, innleiðing hugmyndafræði Reggio Emilia. Verkefnið gengur út á það að innleiða hugmyndafræðina, með því að vera í samstarfi við annað fagfólk verður til stuðningur og markvissari vinna fer af stað.	Samstarfsaðilar Bjartahlíð, Sunnuás og Vinagerði	Hver styrkir? Fengum styrk frá Kennarasambandinu Styrkur var nýttur á leigu á húsnæði fyrir sameiginlegan fræðslufund

Innleiðing á hugmyndafræði Reggio Emilia hefur verið í þróun frá haustinu 2025 og hóf Bjartahlíð þá samstarf við aðra leikskóla með sameiginlegum fundum, heimsóknum og faglegri umræðu.

Upphaflega tóku fjórir leikskólar þátt í samstarfinu en hópurinn hefur stækkað og eru nú leikskólarnir Austurborg, Árborg, Bjartahlíð, Jöklaborg og Sunnuás þátttakendur í sameiginlegri innleiðingarvinnu.

Áhersla fyrsta starfsársins hefur verið að skoða umhverfi leikskólans út frá sjónarhorni barnsins. Í anda Reggio Emilia er umhverfið talið „þriðji kennarinn“, þar sem skipulag rýmis, efniviður og fagurfræði hafa áhrif á nám, samskipti og sköpun barna. Starfsfólk leikskólanna hefur heimsótt hvert annað reglulega til að skoða námsumhverfi, ræða uppsetningu rýma og deila hugmyndum um hvernig megi efla forvitni, sjálfstæði og þátttöku barna í eigin námi. Á starfsdegi leikskólanna var einnig farið á milli skóla til að kynnast þróunarstarfi hvers leikskóla og ólíkum leiðum við innleiðinguna. Þessar heimsóknir hafa reynst mikilvægur þáttur í faglegu námi starfsfólks og skapað vettvang fyrir samvinnu, ígrundun og miðlun reynslu.

Næsta skref í innleiðingarferlinu verður að beina sjónum enn frekar að námi barna og þeim efniviði sem stendur þeim til boða. Markmiðið er að þróa námssamfélag þar sem áhugi barna leiðir verkefni og efniviður styður við rannsóknir, uppgötvun og skapandi hugsun. Með áframhaldandi samstarfi leikskólanna skapast dýrmætur vettvangur fyrir sameiginlegt faglegt nám sem styrkir bæði starfsfólk og börn.

13. Fylgiskjöl

13.1 Innra mat

Holt

Styrkleikar
Veturinn gekk vel á Holti, aðlögunin tók smá tíma, enda voru þetta líka mjög ung börn. En þegar öll börnin voru að verða búin að aðlagast byrjuðum við að huga meira að faglegu starfi. Við fórum rólega af stað með Lubba. Við byrjuðum að hlusta á lögin og kíkja aðeins saman í kassana með málhljóðunum. Eftir áramót byrjuðum við að vinna markvisst með Lubba og í upphafi tókum við bara börn sem voru orðin tveggja ára en þegar þeim fór að fjölga skiptum við börnunum í tvo hópa og fóru öll í Lubbastundir. Það hefur gengið mjög vel og stundirnar verið mjög vinsælar. Stjarna vikunnar byrjaði líka eftir áramót og hefur gengið mjög vel. Nokkur börn komu með dót eða bók að heiman og þau sýndu misjafnan áhuga á að sýna hinum krökkunum dótið. Skráningar heima gengu líka mjög vel. Verkefnið sló rækilega í gegn. Skynjunarbakkar voru vinsælir. Vinnan með þá fór rólega af stað en við reyndum svo að skipta út efnivið vikulega og stundum oftar. Börnin dvöldu mislengi við bakkana en flestir voru mjög

vinsælir. Okkur tókst vel upp við að breyta salnum, gera hann að betra leikrými fyrir börnin og gera hann Reggio-miðaðri. Skynjunarstundirnar nýttust líka vel til málörvunar. Listasmiðjan var tekin í gegn og efniviður tekinn úr plastpokum og settur í glær box. Deildin hefur setið dálítið á hakanum varðandi það að gera hana Reggio-miðaða en það er allt að koma. Við förum reglulega í gegnum dótið, flokkum það og fækkum því. Börnin eru mikið að flakka í leik á milli deilda og salsins með efnivið og gott væri að leggja meiri áherslu á það á næsta ári að halda efniviðnum aðskildum svo skipulagið fari ekki út um allt. Ganga þarf frá í salnum fyrir kaffi svo allt lendi ekki á lokunarvaktinni. Skráningar ganga mjög vel. Einn starfsmaður tók þær að mestu að sér og gekk það ljómandi vel. Lærdómssamfélögin hjálpa líka mjög mikið. Vináttuverkefnið Blær var að mestu tekið í samverustundum. Við fórum yfir spjöldin og gripum líka í þau ef upp komu atvik í daglega starfinu sem þurfti að minna á og ræða aftur. Við notuðum lagið „Ég segi stopp“ mikið til að kenna börnunum að setja mörk. Einnig er lagið „Kanntu að hoppa“ vinsælt. Við fórum líka stundum í andlitsnudd og tengdum það við þemað „Ég og fjölskyldan mín“. Við nudduðum okkur sjálf eða litlu Blæ-bangsana og settum orð á líkamshlutana.

Tækifæri

Alltaf er hægt að finna eitthvað sem hægt að hugsa tækifæri í. Í vetur tókum við inn nýja hluti líkt og skynjunarbakkana og reyndum að hugsa listasmiðju með yngri börnum upp á nýtt. En þar eru klárlega tækifæri til að verða enn betri og gera þessar stundir enn eftirminnilegri.

Hlíð

Styrkleikar

Veturinn hefur verið svolítið kaflaskiptur þar sem mikil veikindi starfsfólks settu svip sinn á starfið fyrir áramót en eftir áramót hefur starfsmannahald gengið mun betur.
Aðal áhersla fyrstu vikur og mánuðina var að veita börnunum öryggi, nánd og hlýju sem svo sannarlega skilaði sér í öruggum, sáttum og glöðum börnum og foreldrum.. Áhersluþættir í starfinu hjá okkur í vetur Öryggi, hlýja og nánd, þetta þrennt var grunnurinn að öllu hinu. Við lögðum höfuðáherslu á að börnunum liði vel hjá okkur og lögðum okkur fram við að mynda náin og góð tengsl við hvert og eitt. Við gáfum mikinn tíma fyrir sjálfsprottinn leik bæði inni og úti. Inni var rýminu skipt í svæði sem börnin gátu flætt frjálst á milli en efniviðurinn hafður nokkurn veginn á sínu svæði. Boðið var upp á ólík viðfangsefni á mismunandi svæðum sem ýttu undir fjölbreyttar gerðir leikja, s.s. hlutverka- og þykjustuleik, ærslaleik, kubbaleik, könnunarleik, skynjunarleik, sköpun og sull og einnig voru rólegheit með bók eða pússl í bókahorni alltaf í boði. Þetta fyrirkomulag gekk mjög vel og gaman að fylgjast með þróuninni sem varð í leiknum hjá börnunum, hvernig samskipti í leiknum jukust jafnt og þétt og úthald varð Meira. Að sjálfsögðu var mikil áhersla lögð á málörvun. Segja má að það hafi verið málörvun í gangi allan daginn þar sem við reyndum að vera dugleg og meðvituð um að grípa öll tækifæri sem gáfust til samræðna. Þegar líða tók aðeins á veturinn og úthald barnanna við að sitja við sögulestur jókst skiptum við hópnum í tvennt í lok morgunsamveru og lásum sögur fyrir börnin. Það hefur verið gaman að fylgjast með málþroska barnanna í vetur, hvernig honum vindur fram jafnt og þétt.
Í öllu daglegu starfi var hugað að því að leiðbeina börnunum í samskiptum við aðra, börn og fullorðna. Lögð var áhersla á að ýta undir samskipti, samkennd, samvinnu, hjálpsemi o.s.frv. og enn fremur að börnin lærðu að setja mörk og virða mörk annarra. Það hefur verið mjög gaman að fylgjast með félagsþroska barnanna dafna í vetur.
Árstíðirnar settu svip sinn á starfið hjá okkur. Við fylgdumst með breytingum sem verða á lífríkinu, veðurfari og birtu í takt við þær. Þær höfðu áhrif á hvaða lög við sungum í samverustundum og einnig þann efnivið sem við buðum upp á í skapandi starfi og skynjunarleikjum. Þegar rýnt er í starfið eins og gert var hér á undan kemur í ljós að það er ýmislegt sem við megum vera stolt og ánægð með.

Tækifæri

Næsta skólaár væri mjög gott að styrkja samstarf á milli deilda þar sem aðeins tvær deildir eru í húsinu og því mikilvægt að unnið sé svipað á deildunum.
Þar sem meginmarkmið okkar í Reggio vinnunni er umhverfið sem þriðji kennarinn þá er tækifæri næsta vetur að hugsa deildina upp á nýtt út frá rými sem hefur áhrif á skapandi hugsun og sjálfstæði í vinnu.

Furuhlíð

Styrkleikar
Nýr deildarstjóri byrjaði á Furuhlíð í haust, byrjaði hún á því að takast á við flutninga í Safamýri og að flytja inn húsgögn á deildina eftir að framkvæmdir kláruðust. Ekki var búið að ráða í allar stöður deildarinnar og urðu því miklar mannabreytingar með afleysingum inni á Furuhlíð. Eftir áramót fengum við nýtt starfsfólk sem vinna mjög vel með deildarstjóra og hefur deildin gengið mjög vel síðan. Aðlögun byrjaði seint en gekk mjög vel fyrir sig. Við byrjuðum á því að aðlaga börnin frá Stakkahlíð en þau þekkjast öll mjög vel, einnig kom kennari frá Stakkahlíð og var með þeim í aðlöguninni sem hjálpaði mikið til. Með samheldni starfsfólks á deildinni hefur tekist vel að skipuleggja deildina, skreyta hana og innleiða Reggio-nálgunina. Við erum þó stöðugt að þróa og bæta umhverfið og höfum notið góðs af stuðningi hinna deildarstjóranna í því ferli. Mikil starfsmannavelta var á deildinni í byrjun vetrar, en starfsandinn er mjög góður og jákvæður í dag. Í starfinu með börnunum höfum við lagt áherslu á fjölbreyttar skapandi upplifanir , börnin hafa meðal annars þæft ull, sullað og leirað.

Tækifæri
Eitt af skemmtilegustu augnablikunum á árinu var strætóferð með börnunum, sem þau tóku með einlægum fögnuði, eitthvað sem við þurfum að endurtaka oftar. Næsta skólaár viljum við einnig gefa Lubba- og Blæstundum meiri tíma í dagskipulagi, er það eitthvað sem við viljum leggja meiri áherslu á.

Birkihlíð

Styrkleikar
Samstarf á deildinni gengur vel og starfsfólk nær að samræma störf sín með markvissum hætti. Verkefnavinna hefur einnig gengið vel, fórum við eftir áramót í frábæra vinnu með Skilaboðaskjóðuna þar sem börnin bjuggu til aðalpersónur bókarinnar og skreyttu veggi deildarinnar. Tækifæri eru til frekari þróunar í vinnu með Reggio Emilia hugmyndafræðinni, meðal annars með aukinni notkun á opnum efnivið og fjölbreyttari kveikjum. Skráningar eru í góðu ferli og starfsfólk er meðvitað um mikilvægi þeirra í starfi. Vegna samsetningar barnahópsins hefur verið lögð áhersla á stýrt val og hópavinnu fremur en flæði. Deildin telur þó að umfang verkefna sé of mikið miðað við þann tíma og undirbúning sem stendur til boða, sem getur haft áhrif á gæði vinnunnar áður en verkefnaskipti eiga sér stað.

Tækifæri
Upphaf starfsins eftir flutninga úr Safamýri reyndist krefjandi, þar sem aðbúnaður var ófullnægjandi við komu barnanna og undirbúningur takmarkaður. Þetta hafði áhrif á möguleika til að hefja skipulagt starf frá upphafi. Einnig var upplifun starfsfólks deildarinnar að þau hafi að einhverju leiti ekki fengið nægilega fræðslu um Reggio Emilia hugmyndafræðina. Á næsta skólaári munum við leggja meiri áherslu á hugmyndagræði Reggio Emilia með því að auka samstarfið við aðrar deildir og vinna með umhverfið sem þriðja kennarann á deildinni.

Reynihlíð

Styrkleikar

Veturinn hefur gengið nokkuð vel fyrir sig enda barnahópurinn flottur og getumikill í Reynihlíð. Börnin voru fljót að aðlagast nýrri deild eftir komuna úr Safamýri.
Á skólaárinu hafa börnin tekið þátt í fjölbreyttu og fræðandi starfi bæði innan og utan leikskólans. Farnar voru margar vettvangsferðir, meðal annars í Grasagarðinn og í Húsdýragarðinn, Ásmundarsafn, Þjóðminjasafn og Norræna húsið. Reglulegar heimsóknir voru farnar á bókasafnið í Kringlunni þar sem börnin tóku þátt í sögustundum. Fyrirhugað er að heimsækja Safnahúsið og Kjarvalsstaði síðar á vorönn.
Yfir veturinn hafa börnin tekið reglulega þátt í Blæstundum og Lubbastundum. Jafnframt hefur verið markvisst unnið að eflingu samskiptafærni, vellíðanar og málþroska með fjölbreyttum verkefnum og leikjum. Í hópastarfi hefur verið unnið með þau þemu sem lögð voru fram í upphafi skólaárs auk verkefna sem tengdust vettvangsferðum og upplifun barnanna, svo sem verkefni um Línu langsokk og skordýr. Góð samvinna hefur verið með útfærslu þemavinnu við hinar deildirnar.
Lögð hefur verið áhersla á skapandi starf og hafa börnin haft góðan aðgang að fjölbreyttum efniviði til listsköpunar. Öll börnin hafa tekið þátt í verkefnunum Bókaormur og Stjarna vikunnar með góðum árangri. Sérstaklega hefur verið ánægjulegt að sjá börnin deila myndum og upplifunum úr eigin lífi sem hluta af þessum verkefnum.
Þá hefur verið unnið mikið með opinn efnivið og fjölbreyttar tilraunir og skynjunarleiki, meðal annars með jarðleir, slím, vatn og matarliti, klaka, matarsóda og edik, leiksand og annan sambærilegan efnivið. Slík verkefni hafa notið mikilla vinsælda meðal barnanna.
Deildin hefur verið dugleg að fálánaðan efnivið frá Búnaðarbanka Mixtúru, þar á meðal forritunarvélmenni og fræðsluleiki fyrir iPad. Börnin sýndu þessum verkefnum mikinn áhuga og þátttöku. Til stuðnings læsi og ritun hanga nafnarenningar barnanna uppi á vegg og geta þau nýtt þá sér til stuðnings við nafnaskrift. Meirihluti barnanna getur nú skrifað eigið nafn og merkir sjálfur verkefni sín.
Áhersla hefur verið lögð á að skapa áhugavert, örvandi og aðlaðandi námsumhverfi fyrir börnin. Námsrýmið hefur verið þróað og endurnýjað reglulega með nýjum og fjölbreyttum efniviði. Einnig hefur reynslan af fyrirkomulagi matsalarins verið jákvæð og börnin njóta sín vel í þeim aðstæðum.

Tækifæri

Þau tækifæri til umbunar sem við sjáum eru að vera ávalt með opin augun fyrir möguleikum sem rýmið gefur okkur til að víkka sjóndeildarhring barna og nám þeirra. Að við séum ekki að hindra nám og gleði þeirra út af vöntun á plássi eða námsefni.
Einnig hefur verið talað um að minnka umsvif stjörnu vikunnar og Bókaormsins en ekki verið tekin nein ákvörðun.

Grenihlíð

Styrkleikar
Deildarstarf gekk vel að því leyti að starfsfólk vinnur vel saman og er samstíga í hvernig á að tækla verkefni. Allir eru jákvæðir og tilbúnir að taka að sér ný verkefni. allir hafa hlutverk og og við leggjum áherslu á að nýta styrkleika allra í vinnunni. Við erum sveigjanlegar og útsjónasamar við skipulag yfir daginn. Við höfum unnið margvísleg verkefni með börnunum í vetur. Hljóð og stafir. Tölur og fjöldi. Vinátta, samskipti og Blær. Tónlist. Ferðir og mikil áhersla á útiveru. Í vetur vorum við með útikennslu yfir dimmasta tímann. Áhersla á listsköpun út frá frelsi og ábyrgð. Við förum eftir þemum sem voru sett í skólanámskrá eins og haust, vetur, jól, fjölskylda mín og annað sem tengist hátíðum uppbrotsdögum en annars höfum við líka verið með sjávarþema og fundið okkar leið til þess að vinna með þemun og blandað því saman við þróunarverkefnið umhverfi sem þriðji kennari. Í vetur höfum við verið dugleg að fara í vettfangsferðir og unnið áfram með þá þekkingu sem við fáum á hverju stað. Þróunarverkefni og lærdómssamfélög: Við höfum staðið okkur vel í því. Allir hafa sitt verkefni í lærdósmsamfélögunum. Við erum ánægðar með þetta reggio samstarf og hvernig við vinnum það hér.

Tækifæri
Sinna verkefnum eins og málörvun betur og deildinn sinnir þannig verkefnum með meira sjálfstæði. Við ætlum að byrja veturinn með mótað skipulag.

Vinna verkefni með HLJÓM meira í huga
Endurskoða verkefnin um stjarna vikunnar og bókaorminn, minnka það aðeins.
Við erum að stíga fyrstu skrefin með að innleiða barnasáttmálann og gerum það meira næsta vetur.

13.2 Umbótaáætlun yngri og eldri deilda 2026-2027

Holt - Hlíð/1-3 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Að deildarstjórar vinni markvissara í sömu átt að námsefni og deildir séu í samræmi við stefnu leikskólans. Að lagfæra matsalinn, að gefa börnum möguleika á að vera sjálfstæðari í matartímum. Að borð og stólar séu í betri hæð þannig að þau geti sjálf náð sér í og gengið frá eftir sig í matmálstímum.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að skerpa á deildarfundum og að deildarstjórar séu duglegri að mæta á morgunfundi í gegnum fjarfundarbúnað. Farið veruð í umbætur á borð og stólabúnaði í haust í samræmi við búnaðardeild borgarinnar.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Sumir hlutir eru auðveldari í framkvæmd, líkt og að deildarstjórar mæti á morgunfund í gegnum fjarfundarbúnað. Annað verður að fara í ferli og mun búnaður fyrir matsal koma hægt og rólega inn.
Ábyrgð	Stjórnendateymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026 munum við byrja breytingar og mun sumt taka styttri tíma en annað. Vonandi verðum við komin með starfhæfan matsal í anda Reggio haustið 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Metið verður næsta vor um hvernig þessir hlutir hafa gengið.

(t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Viðmiðið er að allir deildarstjórar séu að fá sömu upplýsingar, þetta hefur verið flókið þar sem við erum í tveim húsum svona langt frá hvoru öðru. Sem gerir oft hlutina flókna. En við þurfum að byrja smátt til að koma breytingunum inn.

Furuhlíð, Birkihlíð, Reynihlíð og Grenihlíð/3-5 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Samstarfið á milli deilda hefur gengið mjög vel í vetur og verður það markmið næsta skólaárs að halda því áfram. Matsalurinn sem við bjuggum til í vetur hefur verið í stöðugum breytingum í vetur og hefur verið ákveðið að fara í heimsókn í aðra leikskóla sem eru að vinna með matsali og sjá hvað er að ganga vel hjá þeim. Við erum oft að upplifa að það eru ekki allir sem eru með reglurnar á hreinu og hver tilgangur matsalarins er yfirhöfuð. Því þurfum við að vera skýrari með hvert markmið hans er.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að fara í heimsókn til leikskóla sem hafa upplifað að matsalurinn sé að virka vel.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Sjá hvað gengur vel hjá örðum leikskólum og fræða okkar fólk um mikilvægi þess að við vinnum öll eins.
Ábyrgð	Stjórnendateymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Við munum byrja haustið 2026 að skipuleggja betur reglur í matsal
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Við munum meta á deildarfundum og deildarstjórafundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem	Viðmið um árangur er þegar við sjáum að allir vinna eins, að það sé ekki sumt starfsfólk sem skammtar og annað sem er sinnulaust.

stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin komi í matsal og að það skiptir engu máli hvaða starfsmaður er að þá eru sömu reglurnar.

F. h. leikskólans Björtuhlíðar

Rakel Ólafsdóttir Júní 2026

_____

Leikskólastjóri Dagsetning

13.3 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027
Leikskólinn Bjartahlíð

Umsögn foreldraráðs

Fulltrúar foreldraráðs Björtuhlíðar eru ánægðir með samstarfið á liðnu starfsári. Sökum framkvæmda á húsnæði leikskólans hófst aðlögun barna seinna en venja er, sem kom sér illa fyrir suma foreldra. Upplýsingagjöf vegna framkvæmdanna var þó almennt góð.

Almenn ánægja hefur verið meðal foreldra með tónlistarkennsluna í vetur og ljóst er að börnin hafa haft mikið gagn og gaman af tímunum. Áhugi barnanna á tónlist hefur blómstrað í vetur og skemmtilegt er að sjá hve miklum framförum þau hafa tekið.

Einnig hefur verið gaman að sjá hve mikið unnið er með umhverfið í kennslu og hve mikið börnin hafa lært um árstíðirnar á liðnum vetri.

Þar sem umbætur í leikskólastarfi eru taldar nauðsynlegar hafa verið settar fram stuttar en hnitmiðaðar áætlanir til að bæta verklag og finna lausnir við núverandi vandamálum.

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já, áherslur starfsáætlunarinnar samræmast vel starfi leikskólans á síðasta ári og endurspegla markmið og áherslur sem unnið hefur verið eftir.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já, starfsáætlunin er mjög aðgengileg, skýr og auðlesanleg. Hún er vel upp sett og skipulagðari en skýrslur fyrri ára, sem gerir hana auðveldari yfirferðar.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já, starfsáætlunin veitir foreldrum góða og skýra innsýn í starf leikskólans, markmið hans og áherslur. Hún gefur góða mynd af því sem fram fer í daglegu starfi.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Foreldraráð Björtuhlíðar gerir ekki athugasemdir við starfsáætlunina. Jákvætt er að í undirbúningi sé námsferð fyrir starfsfólk á vormánuðum 2027 og er því sýndur fullur skilningur að tveir leikskóladagar falli niður vegna ferðarinnar.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Margrét Petrína Hallsdóttir
Ívar Vincent Smárason
Unnsteinn Árnason

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.


LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST